

— *Ágrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kennslutímann við prestaskólann.* — Stud. theol. Þorleifur Jónsson hafði sótt um að mega ganga undir burtfararpróf frá prestaskólanum, eptir eins árs undirbúning þar; en ráðgjafinn segir sjer hafi eigi þótt ástæða til að fara þess á leit við hans hátígn konunginn, að sú þæn yrði veitt.

160  
4. nóvbr.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um alþingiskosningu.* — Í þóknanlegu brjefi frá 17. apríl f. á. skýrðuð þjer, herra amtmaður meðal annars frá því, að verzlunarstjóri Jón Blöndal hefði verið kosinn alþingismaður fyrir Skagafjarðarsýslu, en þjer tókuð ekki fram, að hann hefði tekið við kosningunni og sent kjörstjórninni viðurkenningu þá, er 12. grein tilsk. 8. marz 1843 mælir fyrir um. Með því að hinn kosni þingmaður gaf sig ekki fram á alþingi því, er átt var í fyrra, og heldur ekki hefir skýrt frá neinum forföllum, er hafi hamlað honum frá að koma á þingið, virðist líklegt, að hann hafi ekki viljað taka við kosningunni; og verð jeg því þjónustusamlega að skora á yður, herra amtmaður, að leita skýrslu kjörstjórans um það, hvort tjeður verzlunarstjóri Jón Blöndal hafi sent áminnsta viðurkenningu eða hafnað kosningu þeirri, er hann hafði orðið fyrir. Staðfestist líkur þær, sem eru fyrir, að þingmaðurinn hafi ekki viljað taka við kosningunni, verð jeg að skora á yður að hlutast til um, að ný kosning fari nógu tímanlega fram á öðrum alþingismanni fyrir Skagafjarðarsýslu í stað verzlunarstjóra Jóns Blöndals.

161  
25. nóvbr.

— *Ágrip af þremur brjefum landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um linun í afgjaldi af Þjóðjörðum.* — Með brjefum þessum, veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtmanns og hlutaðeigandi umboðsmanns, að undangengnum skoðunargjörðum, ábúöndum þjóðjarðanna Slýja, Eystri-Dalbæjar, Uppsala, Fagurhliðar, Eystri-Tungu, Hátúna, Þykkvabæjarklausturshjáleigu og Sauðhúsness, allra í Skaptafellssýslu, linun þá í eptirgjaldi og þóknun, er hjer greinir:

162  
19. desbr.

Einari Ólafssyni á Slýjum . . . . 25 ál., Jóni Jónssyni á Uppsölum . . . 8 ál., og Sveini Sveinssyni á Slýjum . . . . 5 — Ólafi Ólafssyni í Fagurhlið . . . 16 — Sigurði Sigurðssyni á Eystri-Dalbæ . 20 —

um árið í 3 ár, frá fardögum 1876, og skuli gjaldið reiknað að helmingi eptir meðalverði verðlagsskrár, en helmingurinn á 8 sk. alinin. Ábúendurnir á Slýjum höfðu notið sömu landskuldar-linunar undanfarin ár, samkvæmt landshöfðingjabrjefi 23. apríl 1874, sbr. dómsmálastjórnarbr. 6. jan. 1868 og 13. okt. 1870<sup>1</sup>, og sömuleiðis ábúendur Eystri-Dalbæjar, Uppsala og Fagurhliðar samkvæmt dómsmálastjórnarbr. 8. ágúst 1873<sup>1</sup>, sbr. dstjbr. 9. júlí 1870<sup>1</sup> og 24. jan. 1871<sup>1</sup>. Amtmaður hafði getið þess, að hann hefði skoðað jarðir þessar allar á embættisferð sinni um Skaptafellssýslu 1874, og litizt svo á, sem full ástæða væri til að veita ábúöndunum umgetna landskuldarlinun; hafi jörðin Slýjar þá verið að kalla gjörspillt af sandfoki. Enn fremur fjekk:

Stefán Höskuldsson á Sauðhúsnesi . 20 kr. Einar Gíslason á Eystri-Tungu . 5 kr. og Jón Andrjess. á Þykkvabæjarklaust.hjál. 5 — Hreiðar Bjarnason á Hátúnum . 25 —

í þóknun fyrir sandmokstur af tünnum ábýlisjarða sinna, og skyldi draga fje þetta frá jarðargjöldum þeirra þetta fardagaár. Hafði fyrirhöfn Stefáns verið metin 100 dagsverk, Jóns

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III, 81, 103, 135, 649.

Hinn 30. des. 1876.

1876

**162** 20, Einars 20 og Hreiðars 25, en hann hafði auk þess unnið það ábýlisjörð sinni til bóta  
19. des. síðustu árin undanfarin, að hláða þar 900 fadma af tún- og traðargarði. Hafði amtmaður tekið fram, að það mætti virðast mjög áriðandi, að leiguliðar á þjóðjörðunum í Skaptafellssýslu væru uppörfaðir til að bæta af fremsta megni þær skemmdir, er jarðirnar verða fyrir á ári hverju af völdum náttúrunnar, með því móti, að veita þeim nokkra þóknun fyrir fyrirhöfn þeirra, þar eð jarðir þessar mundi að öðrum kosti leggjast í eyði eða eigi byggjast öðruvísi en með enn lægri leigumála en nú er á þeim; en hins vegar sje eigi ástæða til að veita slíka þóknun, ef fyrirhöfn ábúandans til varnar eða viðhalds jörð sinni nemi mjög litlu.

**163** — Ágrip af brjefi landshöfðingja til biskups og landfógeta um útbýtingu á  
20. des. uppbotarfje handa nokkrum prestaköllum. — Biskup hafði í brjefi 7. s. m. skýrt frá, að af fje því, er landshöfðingi hafði lagt þetta ár nokkrum fátökum prestaköllum með brjefi 17. jan. s. á. af þeim 2000 kr., sem veittar eru í því skyni í fjárlögunum 1876 og 1877 13. gr. A b l., voru enn eptir ónotaðar 766 kr., með því að prestar þeir, er kallaðir hafa verið til Staðar í Aðalvík og Staðar í Súgandaafirði, hafi ekkertekið við brauðunum þetta ár, og enginn prestur hafi verið skipaður í Prestshólabrauð — og hafði biskup lagt það til, að þessum 766 kr. yrði skipt meðal annara fátækra prestakalla. Skipti þá landshöfðingi fjenu, sem hjer segir:

Fjótshlíðarþingum í Rangárvalla prófastsdæmi . . . . .	24 kr.
Stóruvalla prestakalli í — — — . . . . .	50 —
Keldna þingum í — — — . . . . .	50 —
Hrepphóla prestakalli í Árness — — — . . . . .	60 —
Lundar — — — í Borgarfjarðar — — — . . . . .	20 —
Flateyjar — — — í Barðastrandar — — — . . . . .	100 —
Álptamýrar — — — í Vestur-Ísafjarðar — — — . . . . .	100 —
Staðarprestak. á Snæfjallströnd og } í Norður-Ísaf. prófastsd. 32 —	
Kirkjubólspingum	
Hjaltabakka prestakalli í Húnavatns prófastsdæmi . . . . .	32 —
Mývatnspingum í Suður-Þingeyjar — — — . . . . .	200 —
Sandfells prestakalli í Austur-Skaptafells — — — . . . . .	78 —
Einhólts — — — í — — — — — . . . . .	20 —
	<u>766 —</u>